

## Stjórnarfundur föstudaginn 13 desember 2019 kl 1630 í húsnæði ísí

Mættir eru. Jón Þorberg, Reynir Örn, Sigurður, Randi, Jóhann G, Ágúst og Valdimar Ólafsson.

1 Fundur með LH

2 útbreyðslunefnd

3 Valdimar fer yfir hugleiðingar að reglubreytingum í leiðara gæðingarkeppninnar.

4 Þýska gæðinga mótið

5 innandyra greinar

1. stjórn fór á fund stjórnar LH , sem tekur jákvætt í að styrkja útbreiðslu

Gæðingarkeppninar. Mikilvægt er að skila inn nákvæmri fjárhagsáætlun fyrir verkefnið svo hægt verði fyrir LH að taka málið fyrir á fundi og svara þeirri beiðni.

Fjallað m.a. um gæðingakeppni sem kynningargrein á næsta HM 2021 og mikilvægi þessa að velja 12-15 góða fulltrúa sem væru keppninni til sóma og framdráttar í framtíðinni.

LH segir frá stöðu mála í Þýskalandi. Þýska Íslandshesta sambandið samþykkir ekki ennþá menntun og nýdómara námskeið á vegum GDLH sem haldið var í Þýskalandi.

2. Jóhann segir frá að útbreiðslunefnd sé að verða klár og ætli að funda fljótlega. Í henni eru nú þegar tilbúnir auk Jóhanns, Sigurbjörn, Haukur, Ingi Björn, Gísli (Ágúst ?). Mikilvægt að góð og snyrtileg reiðmennska verði í fyrirrúmi. Rætt fram og til baka með innanhússmótin, og ýmsar hugmyndir þar um. Leggja þarf áherslu og verðlauna frjálsan sjálfberandi hest í sýningum.

3. Valdimar Ólafsson formaður fræðslunefndar fór yfir hugleiðingar á breytingum í leiðara.

Regla 7.2.3 orðið 300 m tekið út, stjórn tekur undir það.

Regla 7.2.5 orðið 300 m tekið út, stjórn tekur undir það.

Regla 7.2.6 þar hefur einhverstaðar fallið út úr texta frá 2015, þó er metið hærra ef hestur getur sýnt tölt með hraðamun. Verður sett inn aftur. Stjórn tekur undir það.

Regla 7.3.2 hlaupi hestur út úr braut, verði eins orðað og í reglum FEIF. Allir fætur þurfa að fara út fyrir braut, ekkert talað um afgirt eða grindverk eða fjölda fóta. Verður einfaldara. Stjórn tekur undir það.

Regla 7.6.2.2 hefur fallið úr texta frá 2015 og finnst ekkert í þingskjöllum LH sem getur útskýrt þetta. Verði sett inn aftur og verði. Úrslitakeppni í B-flokk, sýna skal brokk með hraðamun. Stjórn tekur undir það.

Regla óskrifuð, þarf að skoða hvort sami hestur megi ekki keppa bæði í A og B flokki, sé því ekkert til fyrirstöðu, en nú þegar bætast við fleiri greinar t.d. gæðingatölt, þarf að huga að því að sami hestur má bara hefja keppni 4 sinnum sama dag. Það getur samt orðið erfitt á litlum 1 eins dags mótum. Stjórn tekur undir það.

Einnig hefur komið ábending um í leiðaranum í kafla 7,5 – 8 þar sem talað er um að hesturinn gangi takthreinn, ætti frekar að nota orðið taktur ásætanlegur eða viðunandi. Rætt og stjórn tekur undir það.

4. rætt um gæðingamót í Þýskalandi næsta sumar hvenær og hvar heppileg staðsetning og tímasetning væri. Rætt um að vera eftir norðurlandamótið, nauðsynlegt að auglýsa stað og dagsetningu fljótlega.

5 Innandryra greinar ræddar, nauðsynlegt að fræðslunefnd gangi frá leiðara fyrir innanhúss greinar, bæði fyrir keppendur og einnig fyrir dómara um hvernig eigi að dæma hverja grein. Eins er mikilvægt að gengið verði í að græja tölvumálin svo hægt verði að keyra mótin í gegnum tölvuforit.

Fundi slitið.

